

BREYTING Á LEGU ÞEISTAREYKJALÍNU OG HÓLASANDSLÍNU VIÐ BAKKA – FÆRSLA Á TENGIVIRKI

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting á legu Þeistareykjalínu 1 og Hólasandslínu 1 við Bakka – Færsla á tengivirki sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Norðurþings og starfsleyfi Orkustofnunar. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á aðalskipulagi Norðurþings. Aðalskipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (sbr. 25. gr. laga nr. 131/2011). Kærufrestur er til 26. ágúst 2012.



INNGANGUR

Þann 18. júní 2012 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsneti hf. um hugsanlega breytingu á legu Þeistareykjalínu 1 og Hólasandslínu 1 við Bakka – Færsla á tengivirki, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Landsnets hf., Norðurþings, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Orkustofnun með bréfi dags. 3. júlí 2012, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 4. júlí 2012, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 11. júlí 2012, Norðurþingi með bréfi dags. 12. júlí 2012 og Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 20. júlí 2012.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fyrri áætlanir gera ráð fyrir að tengivirki verði staðsett við norðurjaðar iðnaðarlóðar á Bakka. Vegna breyttra forsendna í iðnaðaruppbyggingu á iðnaðarlóðinni á Bakka er kynntur sá möguleiki að tengivirkið verði fært nær miðju lóðarinnar. Eftir færslu yrði tengivirkið staðsett um 450 m sunnar en gert var ráð fyrir í upphafi og um 200 m austan þjóðvegarins. Háspennulínurnar myndu færast til suðurs frá upphaflegri legu á 4-5 km kafla ofan þjóðvegarins og möstrum fækka um 1-2 í hvorri línu.

Þær forsendur sem lagðar voru fram í mati á umhverfisáhrifum háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík hvað varðar hönnun og útlit mannvirkja munu ekki breytast vegna þeirrar færslu sem hér er kynnt. Legu slóða yrði hnikað til í samræmi við breytta legu háspennulínanna.

Áhrif á landslag. Fram kemur að samkvæmt landslagsgreiningu sem unnin var vegna mats á umhverfisáhrifum háspennulína frá Kröflu að Bakka hefur landslagsheildin, þar sem lögð er til breytt lega mannvirkja, lágt gildi. Áhrif fyrirhugaðra háspennulína á þessa heild eru metin nokkuð neikvæð. Sú niðurstaða breytist ekki verði af færslu línanna og tengivirkis. Nokkrar breytingar verða á ásýndaráhrifum miðað við þá legu sem kynnt var í umhverfismati árið 2010. Viðamesta breytingin er sú að eftir færslu tengivirkis munu háspennulínurnar ekki þvera þjóðveginn eins og gert var ráð fyrir í fyrri áætlunum. Auk þess færast línurnar fjær bænum Héðinshöfða miðað við fyrri áætlanir. Áhrifasvæðið vegna þessa þáttar mun því færast sunnar sem nemur fyrirhugaðri færslu línunnar en nær ekki niðurfyrir þjóðveg.

Áhrif á gróður. Fram kemur að Landsnet hf. leitaði til Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna fyrirhugaðra breytinga. Við samanburð á gróðurkortlagningunni sem fylgir skýrslunni frá 2009 og eldri gróðurkortlagningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins frá 1. og 2. júlí 1977 (vettvangsgögn í mælikvarða 1:20.000) lítur út fyrir að tilfærslan sé jákvæð með tilliti til gróðurfars. Landið sunnan við það sem sýnt er gróðurkortinu í skýrslunni frá 2009 sé mjög sambærilegt við það sem fram kemur á kortinu. Landið sé að mestu þurr fjalldrapamói, þar sem eru ríkjandi auk fjalldrapa, krækilyng og beitleyng. Á nýju línuleiðinni sé ekki farið með línuna yfir votlendi eins og á þeirri sem áður var fyrirhuguð. Náttúrufræðistofnun telur því ekki þörf á því að bæta við eldra gróðurkortinu með vettvangsskoðun vegna fyrirhugaðra breytinga.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að þar sem ekki var til skrá yfir fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði var Fornleifastofnun Íslands fengin til að gera úttekt á svæðinu. Alls voru skráðir 10 minjastaðir, leiðir/götur, hleðslur, tóftir og vörður.

Fornleifastofnun bendir á að tekið hafi verið út mjög breitt belti vegna línustæðisins og í flestum tilfellum ætti ekki að vera erfitt, í samvinnu við Fornleifavernd ríkisins, að tryggja að framkvæmdir raski ekki fornleifum. Óhjákvæmilega mun línan fara yfir línulegar fornleifar (götur, leiðir).

Í samburði við eldri línulögn telji Fornleifastofnun að ný tillaga að legu háspennulínanna virðist hentugri með hliðsjón af fornleifum.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að í kjölfar tilkynningarinnar verði sótt um breytingu á aðalskipulagi Norðurþings í samræmi við fyrirhugaðar framkvæmdir, ef af þeim verður.

Færsla háspennulínanna og tengivirkis verði hluti af deiliskipulagi sem vinna þurfi í tengslum við nýjar hugmyndir um iðnaðaruppbyggingu á Bakka.

Af framangreindu er dregin sú ályktun að umhverfisáhrif færslu tengivirkis, Hólasandslínu 1 og Þeistareykjalínu 1, teljist viðunandi og að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa verulega neikvæð umhverfisáhrif í för með sér. Framkvæmdaraðili telur því ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Norðurþing, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Umhverfisstofnun, Orkustofnun og Fornleifavernd ríkisins telja að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á núverandi landnotkun. Skipulags- og byggingarnefnd Norðurþings bendir á að ný staðsetning tengisvirkis austan Þjóðveggar við Bakka mun að líkindum valda minni umhverfisáhrifum en sú lega sem áður var gert ráð fyrir vestan Þjóðveggar. Tilfærsla á línunni sjálfri sunnan Þjóðveggar er nokkuð styttri og færast lítillaga lengra frá nágrönnum á Héðinshöfða sem verður að teljast jákvætt.

Áhrif á landslag og gróður. Umhverfisstofnun telur að sjónræn áhrif minnki við fyrirhugaða breytingu, þar sem mannvirkin færast fjær bænum á Héðinshöfða, auk þess sem línunar þvera ekki Norðurausturveg. Eins sé það jákvætt að ný lega línanna raski minna votlendi en upphaflegt línustæði. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umrædd breyting á legu Þeistarreykjálínu 1 og Hólasandslínu 1 og færsla tengivirkis muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Áhrif á menningarminjar. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að af þeim tíu minjastöðum sem skráðir voru á beltinu umhverfis fyrirhugað línustæði eru sjö af þeim í hættu vegna framkvæmdanna og telur Fornleifavernd ríkisins þörf á að taka tillit til þeirra. Leið (SP-311:014) og götur (SP-312:082; SP-312:083; SP-312:086) þarf að staðsetja nákvæmlega með GPS mælingu áður en framkvæmdir hefjast. Hleðslu (SP-312:079) og tóft, heystæði (SP-313:188) þarf að merkja, t.d. með því að girða af, á meðan framkvæmdum stendur til þess að koma í veg fyrir röskun af vangá. Ef ekki verður komist hjá því að raska garðlagi (SP-312:081) þarf að grafa könnunarskurð til þess að kanna gerð garðsins og reyna að fá hugmynd um aldur hans.

Nokkrar fornleifanna á svæðinu eru þó þess eðlis að þær ná yfir stórt svæði og því hætt við að slóði sem lagður verður meðfram háspennulínunni raski þeim að hluta.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða mögulega breytingu á staðsetningu tengivirkis og tveggja háspennulína frá þeirri staðsetningu sem kynnt var í mati á umhverfisáhrifum háspennulína frá Kröflu og Þeistarreykjum að Bakka við Húsavík. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin muni hafa í för með sér minni neikvæð umhverfisáhrif en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir. Háspennulínur þvera ekki þjóðveginn eins og stóð til og færast línunar lengra frá bænum Héðinshöfða með breytingunni. Eins verður minna rask á votlendi en áætlað var.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Landsnets hf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Landsnets hf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting á legu Þeistareykjalínu 1 og Hólasandslínu 1 við Bakka. Færsla á tengivirki sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Norðurþings skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og leyfi Orkustofnunar sbr. 9. grein raforkulaga nr. 65/2003. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Norðurþings og framkvæmdin þarf að vera í samræmi við deiliskipulag vegna iðnaðruppbyggingar á Bakka. Aðalskipulagsbreytingin og gerð deiliskipulags er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Með kynningu á aðalskipulagi (deiliskipulagi) mun almenningi gefast tækifæri til að kynna sér fyrirhugaðar framkvæmdir.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (sbr. 25. gr. laga nr. 131/2011). Kærufrestur er til 26. ágúst 2012.

Sigurður Ásbjörnsson

Harpa Dögg Magnúsdóttir